



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

107. fundur skóla- og frístundaráðs, 26. okt. 2016, [sjá fundargerð](#)

1. liður

Vegna ytra mats og þátttöku fulltrúa foreldra og nemenda í skólaráð.

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum þakkar fyrir góða kynningu um ytra mat í grunnskólum í Reykjavík. Áheyrnarfulltrúi ítrekar mikilvægi þess að fulltrúar foreldra og nemenda og fulltrúar í skólaráði hvers skóla fái ávallt boð um að taka þátt í kynningu úttektaraðila á niðurstöðum matsins ásamt starfsfólki skólans. Áheyrnarfulltrúi telur jafnframt gagnlegt að fleiri viðmið SFS en viðmið um mat á gæði kennslustundar fylgi niðurstöðum ytra mats grunnskóla, má þar nefna td. viðmið SFS um gæði foreldrasamstarfs og viðmið SFS um framkvæmd og áhrif stefnu um skóla án aðgreiningar. Þetta myndi geta stuðlað að betri kynningu þessara mikilvægu viðmiða fyrir alla aðila skólasamfélagsins.